

Námsfús börn í Álfhólsskóla – þróunarverkefni

Öll börn á Íslandi eiga rétt á að fá einstaklingsmiðað nám, þ.e. nám, gögn og kennslu sem tekur mið af stöðu hvers og eins en ekki hóps nemenda eða heils bekkjar. Þetta á við um nemendur sem eiga í námserfiðleikum sem og þá sem þurfa á hraðari yfirferð og þyngra námsefni.

Álfhólsskóli hefur þróað verkefnið „Námsfús börn“ með það að markmiði að koma til móts við þá nemendur sem þurfa hraðari yfirferð og þyngra námsefni. Komið hefur verið á fót sérstöku teymi sem heldur utan um þessa vinnu. Í teyminu er hópur kennara og bókasafns- og upplýsingafræðingur.

Verkefnið byggir á erlendum og íslenskum fræðiskrifum og rannsóknum um hvernig megi sem best koma til móts við nemendur sem þurfa hraðari yfirferð og/eða þyngra námsefni. Einnig er horft til þróunarverkefnis Varmársskóla fyrir afburðanemendur í stærðfræði og íslensku.

Markmið verkefnisins eru að:

- efla seiglu nemenda í námi
- nemendur fái nám við hæfi
- bæta námsárangur nemenda og efla áhuga á námi
- auka fjölbreytta kennsluhætti

Veturinn 2015-2016 voru valdir námsfúsir nemendur í 6. og 7. bekk. Við val á nemendum hafði teymið til hliðsjónar einkunnir úr samræmdum prófum í 4. bekk og 7. bekk, voreinkunnir árið 2014 og 2015 og umsagnir umsjónarkennara.

Hópurinn hitti kennara reglulega yfir skólaárið. Nemendur unnu út frá eigin forsendum í stærðfræði í 6. og 7. bekk. Kennarar ræddu persónuleg markmið í náminu með hverjum nemanda fyrir sig. Einnig vann þessi hópur að sameiginlegum verkefnum tvisvar til þrisvar á skólaárinu út frá áhugasviði þeirra þar sem lögð var áhersla á að samþætta ýmsar námsgreinar, þ.á.m. list- og verkgreinar. Sameiginlegu verkefnin voru með ýmsu móti s.s. matreiðsluþættir, verkefni um seinni heimstyrjöldina o.fl.

Veturinn 2016-2017 voru þessir sömu nemendur í 7. og 8. bekk. Var verkefninu breytt lítillega og fengu þá nemendur tvo heila daga í senn þar sem þeir fylgdu ekki hefðbundinni stundaskrá heldur unnu markvisst að sjálfstæðum verkefnum og með leiðsögn kennara. Dæmi um sameiginleg verkefni voru fótboltaspurningaspil, námsefni um táknmál fyrir miðstig, heimildar/fræðslumynd um líðan og sjálfsmynd barna, samið var lag skólans og texti, viðtalsrannsókn um orsök hrunsins o.fl. Kennarar og nemendur nýttu spjaldtölvur til þess að hafa góða yfirsýn yfir stöðu nemenda og gátu haldið utan um verkefni og gögn á einum stað á bekkjarrými (Google Classroom). Nemendur fengu áfram að vinna á sínum hraða í stærðfræði og gekk það vel í 7. bekk. Í 8. bekk fóru þó færri hraðar yfir en árgangur. Einnig var nemendum boðið að vinna á sínum hraða og fara í námsefni fyrir eldri nemendur í íslensku. Einn nemandi í 7. bekk náði að fara í verkefni 8. bekkjar. Einn nemendi fór beint úr 8. bekk í 10. bekk. Verkefnið virkjaði hvetjandi á aðra nemendur og nokkrir tóku sig mikið á og lögðu jafnvel harðar að sér en þeir nemendur sem upphaflega höfðu verið valdir í hópinn.

Veturinn 2017-2018 er stefnt að því að velja ekki ákveðna nemendur heldur greiða leið allra sem vilja fá þyngru verkefni og halda áfram í íslensku og/eða stærðfræði og ná þá mögulega að útskrifast fyrir úr þeim fögum. Þar að auki er unnið að öðru þróunarverkefni í skólanum sem heitir *Vinum saman*. Þar gefst öllum nemendum kostur á að vinna sjálfstæð hópverkefni og kafa eins djúpt í þau og þá lystir með aðstoð kennara og annarra fagmenntaðra sem þeir geta leitað til þarfnist verkefnin þess.